



Borgarráð

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Höfða friðarseturs vegna Snjallræðis

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að samningi milli Reykjavíkurborgar, Höfða friðarseturs og Háskóla Íslands um viðbótarframlag vegna Snjallræðis fyrir árið 2020. Reykjavíkurborg greiðir Höfða friðarsetri kr. 5.276.000 í styrk á árinu til þess að standa straum af kostnaði vegna viðburðarins snjallræði. Kostnaðurinn rúmast innan fjárheimilda skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samstarfssamningur - Reykjavíkurborg og Höfði friðarsetur vegna Snjallræði - DRÖG

Bréf Höfða friðarseturs til Reykjavíkurborgar vegna Snjallræðis, dags. 27.08.2020.

Umsögn þjónustu- og nýsköpunarviðs vegna beiðnar um fjárveitingu vegna Snjallræðis, dags. 27.8.2020.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnagötu 11 og Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, Aragötu 9, gera með sér eftirfarandi

Samning um viðbótarframlag vegna Snjallræðis

1. gr. Markmið

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands gerðu þann 6. desember 2017 með sér samstarfssamning um stofnun Höfða friðarseturs. Markmiðið með stofnun Höfða friðarseturs var að skapa vettvang fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf með áherslu á hlutverk borga, smárikja og almennra borgara í að stuðla að friði, friðarmenningu og friðarfræðslu. Hlutverk setursins er m.a. að skoða og skilgreina leiðir að þessu marki og aðstoða Reykjavíkurborg í hlutverki hennar sem borg friðar. Í 2. gr. samstarfssamningsins er kveðið á um semja skuli sérstaklega um verkefni friðarseturs sem teljast ekki hluti af samstarfssamningnum og í þeim tilvikum skuli deila kostnaði jafnt á milli samstarfsaðila.

Samningur þessi gildir um Snjallræði, viðskiptahraðal fyrir samfélagslega nýsköpun á vegum Höfða friðarseturs, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands en að hraðlinum kemur einnig öflugt net annarra samstarfsaðila. Snjallræði er viðskiptahraðall sem hefur það að markmiði að veita einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum sem brenna fyrir bættu samfélagi, sjálfbærni og lausnum við loftslagsvánni, vettvang til að þróa hugmyndir sínar og finna leiðir til að gera þær sjálfbærar. Snjallræði útvegar aðstandendum verkefnanna vinnuáðstöðu, aðgang að hópi leiðbeinenda og stuðning við að þróa hugmyndina áfram.

2. gr. Skuldbindingar og greiðslur

Samningur þessi gildir fyrir árið 2020 og greiðir Reykjavíkurborg Höfða friðarsetri kr. 5.276.000 í styrk á árinu til að standa straum af kostnaði vegna viðburðarins Snjallræði. Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Höfða friðarseturs, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri nema Höfði friðarsetur hafi hlotið undanþágu frá því.

3. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og forstöðumaður Höfða friðarseturs sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

4. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu starfsári ársins 2020 skal Höfði friðarsetur skila Reykjavíkurborg árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí 2021. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

5. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Höfða friðarseturs. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr. Framsal

Höfða friðarsetri er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, (Dags.)

F.h. Höfða friðarseturs

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

27. ágúst 2020

Snjallræði - Samfélagsleg nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi

„Þetta snýst um að beita hönnunarhugsun í nýsköpun og hanna sprotafyrirtæki sem huga betur að þörfum fólks og umhverfisins alls.“ - *Svafa Grönfeldt, ein af stofnendum MIT designX í Boston og leiðbeinandi og fulltrúi úr ráðgjafaráði Snjallræðis.*

Erindi

Beiðni um frekari fjármögnun frá Reykjavíkurborg fyrir samfélagshraðalinn Snjallræði, vettvang fyrir samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarf þar sem nýskapandi lausnir fyrir umhverfi og samfélag eru í forgrunni.

Hvað er Snjallræði?

Snjallræði er hraðall fyrir samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi sem hóf göngu sína í október 2018. Markmiðið með hraðlinum er að veita þeim einstaklingum sem brenna fyrir bættu samfélagi vettvang til að þróa hugmyndir sínar áfram og finna þeim sjálfbæran farveg.

Ávinningur verkefnisins fyrir Reykjavíkurborg og íslenskt samfélag

Fyrstu tveir hraðlarnir fóru fram úr björtustu vonum. Fjöldi umsókna í Snjallræði sýnir berlega fram á að hraðallinn fyllir upp í mikilvægt skarð í nýsköpunarflóru landsins með því að bjóða upp á öflugan vettvang og þjálfun í samfélagslegri nýsköpun. Verkefnin hafa verið fjölbreytt og unnið að lausn á mismunandi áskorunum í íslensku samfélagi. Hraðallinn hefur einnig sannað sig sem mikilvægur vettvangur fyrir tengslamyndun fyrir frumkvöðla.

Aðdragandi og þróun

Hugmyndin að Snjallræði kviknaði hjá Höfða friðarsetri Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands en framkvæmd hraðalsins hefur verið í höndum Höfða friðarsetur og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hraðallinn byggir á samstarfssamningi sem borgarstjóri undirritaði fyrir hönd Reykjavíkurborgar við hátíðlega athöfn í Höfða þann 27. apríl 2018, ásamt fulltrúum samstarfsaðila Snjallræðis, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Samstarfið nær einnig til Háskólans í Reykjavík, Icelandic Startups og MIT designX í Boston.

Snjallræði hefur farið fram tvisvar sinnum. Hraðallinn efldist í fyrra en Marel, Deloitte, Össur og Icelandair gengu til liðs við Landsvirkjun sem bakhjarlar hraðalsins, ásamt því að Höfði friðarsetur kom á samstarfi við Svöfu Grönfeldt og samstarfsfélaga hennar við MIT designX. Marel og Icelandair komu inn á grundvelli eins árs samnings en Össur og Deloitte skrifuðu undir þriggja ára samning og eru þeir samingur því enn í fullu gildi.

Staðan í dag

Höfði friðarsetur hefur rætt við alla helstu samstarfsaðila Snjallræðis og hafa þeir skuldbundið sig til þess að vera með áfram. Höfði friðarsetur hefur einnig tryggt þátttöku MIT designX, hvort sem er með komu þeirra hingað til lands eða í gegnum kennslu á netinu. Stefnt er að því að opna fyrir umsóknir nú í haust eða um leið og staðfesting liggur fyrir af hálfu Reykjavíkurborgar um þátttöku og fjármögnun. Höfða friðarsetri skortir fjármagn til þess að koma á samstarfi við Icelandic Startups um framkvæmd hraðalsins til þess að tryggja framtíðarstarfsemi Snjallræðis eftir ákvörðun um að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tengiliðir hjá Reykjavíkurborg

Helsti tengiliður við verkefnið hjá Reykjavíkurborg er Kristinn Jón Ólafsson, verkefnastjóri Snjallborgarinnar en auk hans kom Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustuhönnunar, að verkefninu í fyrra.

Fyrirkomulag

Fyrirkomulag hraðalsins er með þeim hætti að kallað er eftir umsóknum frá sprotafyrirtækjum, frjálsum félagasamtökum og einstaklingum. Að loknum umsóknarfresti fer umsóknarteymi skipað verkefnastjóra og fulltrúum bakhjarla og samstarfsaðila yfir umsóknir og metur teymin út frá fimm þáttum; teymi, afurð og markmiði, samfélagslegum áhrifum og hvernig hugmyndin styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, nýnæmi hugmynda og fýsileika. Í kjölfarið eru fimmtán til tuttugu teymi boðuð í viðtal og að lokum er sex til tíu teyimum boðin þátttaka.

Ávinningur fyrir þátttakendur

Teymin sem taka þátt læra að efla tengslin við nærsamfélagið, átta sig á hvar áskoranir liggja, læra að setja sig í fótspor þeirra sem þær ná til og afla sér þekkingar til að móta nýjar leiðir til að takast á við áskoranir í takt við samfélagslega þróun. Þau fá aðgang að vinnuaðstöðu, stuðning við að þróa eigin hugmyndir og verkefni áfram og koma þeim í framkvæmd, þjálfun frá fremstu sérfræðingum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar og aðgang að neti mentora sem leiðbeina frumkvöðlunum, miðla af reynslu sinni og styðja einstök verkefni áfram. Hraðallinn byggir á hönnunarspretti sem haldinn er í samstarfi við MIT designX og þemavikum þar sem

farið er yfir mismunandi þætti á borð við virði hugmyndarinnar og áhrif, þarfagreiningu, hagaðilagreiningu, sjálfbær viðskiptamódel, tengslamyndun og framkomu.

Listi yfir nokkra af samfélagssprotum Snjallræðis:

Alls hafa 15 nýsköpunarsprotar notið góðs af Snjallræði. Þar má nefna sem dæmi:

- **Bergið** - www.bergid.is
Sigurþóra Bergsdóttir
Bergið er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að bjóða upp á lágþröskuldapjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Í Berginu er lagt upp með að skapa notalegt og öruggt umhverfi fyrir ungt fólk sem vill fá aðstoð fagfólks og notenda með fjölbreytta reynslu.
- **Tré lífsins** - nýr valkostur við lífslok: www.trelifsins.is
Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, Arnar Snær og Berglind
Tré lífsins býður upp á nýjan valkost við lífslok. Það býður upp á skráningu sögunnar okkar og hinstu óska á persónulega síðu, bálstofu, gróðursetningu á ösku hins látna ásamt tré í Minningagarði og rafræna minningasíðu.
- **GreenBytes** - www.greenbytes.is
Renata Stefanie Bade Barajas og Jillian Verbeurgt
GreenBytes býður upp á lausn þar sem sölugögn, reiknirit og vélanám er nýtt til að draga úr matarsóun á veitingastöðum og auka um leið hagnað þeirra.
- **Rephaiah** - www.rephaiah.com
Sveinbjörn Gizurarson og Kristín Linda Ragnarsdóttir
Rephaiah eru óhagnaðardrífín samtök sem hafa það að markmiði að framleiða lífsnauðsynleg lyf fyrir ung börn í Malaví.

Fjármögnun: Öflugir bakhjarlar og samstarf við atvinnulífið

Auk þess að veita nýjum samfélagslegum nýsköpunarhugmyndum brautargengi er Snjallræði vettvangur um aukið samstarf við atvinnulífið um nýjar lausnir með áherslu á umhverfi og samfélag.

Nýsköpunarmiðstöð vill starfa áfram með Höfða friðarsetri að Snjallræði, en þar sem stofnunin verður að öllum líkindum lögð niður í lok árs er mikilvægt að leita eftir fleiri öflugum aðilum sem geta séð um framkvæmd hraðalsins í ár og næstu árin. Samstarfi hefur verið komið á við Icelandic Startups varðandi framkvæmd hraðalsins árið 2020 en til þess að hægt sé að formgera samstarfið þarf að koma til aukið fjármagn frá rekstaraðilum Höfða friðarseturs. Háskóli Íslands mun styðja áfram við hraðalinn **með auknu fjárframlagi** en til þess að tryggja

áframhaldandi starfsemi á næstu árum óskar Höfði friðarsetur eftir 5.276.000 kr framlagi frá Reykjavíkurborg í ár.

Vert er að taka fram að dregið hefur verið úr heildarkostnaði með verulegum hætti, m.a. með því að veita þeim teyrum sem taka þátt í ár ekki styrk til þáttöku. Heildarkostnaður við Snjallræði árið 2019 var um 24,2 milljónir en í ár nemur hann einungis um 13,6 milljónum króna í heild. Að auki má nefna að einnig hefur verið dregið úr kostnaði við önnur verkefni sem heyra undir setrið í ár, s.s. við árlega ráðstefnu Höfða friðarseturs, *The Imagine Forum*. **Fjárhagsþörf frá Reykjavíkurborg fyrir Snjallræði árið 2020 er 5.276.000 ISK, til móts við framlag Háskóla Íslands og bakhjarla Snjallræðis.**

Frekari upplýsingar um hraðalinn er að finna á síðu Snjallræðis, www.snjallraedi.is

Með vinsemd og virðingu,



Pia Hansson,

Forstöðumaður Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

Umsögn ÞON vegna beiðnar Friðarseturs um fjárveitingu vegna Snjallræðis

Snjallræði er hraðall sem fyllir upp í þá þörf að aðstoða samfélagslega frumkvöðla að koma sínum verkefnum áfram, en mikill skortur er á aðstoð til samfélagslegra verkefna, hvort sem er í formi fjármagns, aðstöðu, tengsla eða þekkingar. Tvær hugmyndir sem hafa kviknað í Borgarhakkinu hafa sem dæmi haldið áfram inn í Snjallræði hraðalinn í kjölfarið, og er þetta því mikilvægur stökkpallur fyrir samfélagsleg verkefni til þess að vaxa frá hugmyndastigi yfir í áreiðanlega vöru/þjónustu. Í næsta Snjallræði kæmi ekki á óvart ef við myndum t.d. sjá verkefni sem hafa byrjað í Hack the Crisis eða gagnaponi fyrir umhverfið lausnamótunum.

Varðandi framhaldið á þessu samstarfi eru hér einnig nokkrir punktar frá mér sem var komið áleiðis til SBB á sínum tíma ásamt nokkrum uppfærðum hugleiðingum:

Samstarfsaðilar

Háskólarnir eru lykilsamstarfsaðili hér en spurning er hvort það sé búið að kalla einnig eftir því að ríkið komi að borðinu í sama hlutfalli við okkur og HÍ? Þá er gott að verið sé að skipta NMÍ út á þessum tímapunkti og fá inn aðila eins og Icelandic Startup eða Melkorku og Eddu (fyrirverandi starfsmenn IS og forsprakka m.a. Nýsköpunarvikunnar). Að lokum er einkar frábært að Matthew og MIT designX ætla að koma aftur að hraðlinum. Höfum einmitt verið í sambandi við þau um hvernig hægt sé að ítra hraðalinn og skapa aukið virði.

Tækifæri

- Legg til að Reykjavíkurborg verði með "örútbod" á 1-3 áskorunum í anda Startup Residence í Amsterdam og þeir aðilar sem að hreppa það ganga í gegnum hraðalinn með öðrum frumkvöðlum. Þeim teyminum væri svo upplagt að bjóða vinnuaðstöðu hluta af hraðlinum innan veggja borginnar þar sem að þekkingin liggur á áskoruninni sem er unnið að. Þetta er í takt við nýsköpunarstefnumótunina sem er í vinnslu.
- Þyrftum samhliða að skoða hvernig við getum byrjað að tengja hraðalinn og Gróðurhúsið, þ.e. fá saman ytri og innri samfélags frumkvöðla. Ég og Arna þyrftum að ræða þá möguleika betur.
- Með því væri borgin að sýna gott fordæmi fyrir aðrar opinberar stofnanir og setja nýsköpun á oddinn, en aukin þátttaka starfsmanna borgarinnar og leyfi sviðsstjóra er lykilatriði til þess að ná þessu fram. Því væri samfélagshraðallinn ekki einungis opin fyrir frumkvöðlum, heldur einnig opinberum stofnunum, rótgrónum framsýnum fyrirtækjum og hagsmunasamtökum sem eru tilbúin að setja mannauð og tíma í það að tækla raunveruleg samfélagsleg vandamál í sameiningu - hvati fyrir fyrirtæki og stofnanir til að taka nýsköpunarverkefni áfram.
- Þá væri skynsamlegt að skoða samræmingu á Snjallræði við aðra hraðla, t.d. Firestarter, sem er þó með meiri fókusi á skapandi greinar í anda menningu, hönnun og lista. Að byggja upp tengsl milli mismunandi atvinnugreina og aðferðafræði er lykilþáttur þegar kemur að vexti, en slíkt leiðir gjarnan til nýrra tengsla ásamt dýrmætri tækni- og þekkingaryfirfærslu sem stuðlar að bættri samkeppnishæfni.
- Að lokum gætum við einnig lagt áherslu á að gera hraðalinn meira alþjóðlegan - Startup Social Reykjavík - og auglýst á viðeigandi stöðum eftir frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum til þess að koma til Íslands til að vinna að sinni samfélagslausn.

Kostnaðaráætlun

Mögulega er kostnaðaráætlunin vanáætluð, t.d. í samanburði við árið í fyrra og kostnaðaráætlun IS fyrir þeirra hraðal. Hinsvegar felast tækifæri í því ef að hann fer að einhverju leiti fram online þar sem það getur dregið úr kostnaði að þurfa ekki að afla t.d. húsnæðis og matar. Þó eru meiri líkur á virðissköpun ef að hvert og eitt teymi fengi að auki styrk eins og fyrr árin fyrir það að komast inn í hraðalinn og taka þátt. Icelandic Startups og Nova hraðalinn veitti t.d. hverju teymi 1 milljón kr. í styrk til þess að prófa sínar tilgátur áfram núna í sumar. Það er hinsvegar ekki gert ráð fyrir því í núverandi kostnaðaráætlun Snjallræðis. Hversu mikið höfum við styrkt hraðalinn síðustu tvö ár? Er verið að biðja um heildar fjárframlag frá borginni að upphæð rúmar 5 milljónir í ár og gæti ríkið

mögulega komið hér með sömu upphæð inn á móti þannig að teymin fengju einnig fjármagn til þess að þróa sínar lausnir áfram?

Tímasetning

Líklega er raunsærra að setja hraðalinn í loftið á ný í upphafi næst árs, m.a. í ljósi aðstæðna, tímaskorts og þá hefur Icelandic Startups einnig möguleika á að koma að borðinu.

Samantekið; Reykjavíkurborg á að sjálfsögðu að styrkja samfélagshraðalinn Snjallræði sem leggur grunninn að framtíðar lausnum fyrir t.d. umhverfið, atvinnuuppbyggingu, bætta þjónustu og hagræðingu innan opinberra stofnanna. Fjármagnið mætti jafnvel vera meira þannig að það færi beint í teymin sem taka þátt svo það auki líkur þeirra á að verkefnin dafni, en það er einmitt helsti akkilesar hæll nýrra samfélagslausna sem spretta fram í dag, þ.e. aðgengi að fjármagni. Þörfin gæti ekki verið meira aðkallandi á tímum sem þessum.

Kristinn Jón Ólafsson
Verkefnastjóri nýsköpunar
Þjónustu- og nýsköpunarsvið